FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Inngangur að sálfræði
Námsgrein:	sálfræði
Viðfangsefni:	Sálfræði, inngangur, kenningar, saga
Skammstöfun:	SÁLF2IN05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum er fræðigreinin sálfræði kynnt fyrir nemendum, upphaf hennar og þróun. Fjallað er um helstu kenningar og fræðimenn og þær rannsóknaraðferðir sem notaðar eru í sálfræði. Grunnhugtök og sálfræðistefnur eru kynntar og grundvallarhugmyndir námssálfræðinnar. Einnig læra nemendur um mismunandi tegundir náms og minnisaðferðir.
Forkröfur:	INGA1HF05
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • þróun sálfræðinnar sem fræðigreinar • leiðum sálfræðinnar til að útskýra hugsun, hegðun og tilfinningar mannsins • helstu stefnum og rannsóknaraðferðum sálfræðinnar • helstu þáttum sem hafa áhrif á nám og minni fólks • því hvernig sálfræðin nýtist í daglegu lífi og sem meðferðarúrræði
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • beita algengustu hugtökum sálfræðinnar á skýran og skilmerkilegan máta • lesa í og átta sig á umfjöllun um helstu hugmyndir sem hafa mótað sálfræðina • tjá sig um efnið á skipulagðan hátt munnlega og skriflega • lesa texta um efnið, tileinka sér upplýsingar um það og meta
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • vera meðvitaður um hve margt getur haft áhrif á líðan og hegðun einstaklingsins • gera sér grein fyrir mótunaráhrifum umhverfis á sjálfan sig og aðra • gera sér grein fyrir samspili hegðunar, hugsunar og tilfinninga • tjá sig skipulega og gagnrýnið um efnið • geta tekið tillit til aðstæðna byggt á því sem hann hefur tileinkað sér í áfanganum
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.